

Rio Tinto á Íslandi hf,
ISAL
Straumsvík
Pósthólf 244, 222 Hafnarfjörður
T +354-560-7000
isal@isal.is

Stefna um áfengis- og vímuefnalausan vinnustað

1. Tilgangur

Stefna Rio Tinto á Íslandi, hér eftir nefnt ISAL, er að vernda öryggi og heilsu starfsfólks og verktaka. Tilgangur þessarar stefnu er að gera grein fyrir þeim kröfum sem ISAL setur varðandi áfengis- og vímuefnanotkun.

2. Gildissvið

Stefna um áfengis- og vímuefnalausan vinnustað gildir á meðan starfsfólk og verktakar:

- Eru á athafnasvæði ISAL;
- Koma fram fyrir hönd ISAL eða eru á vegum fyrirtækisins utan vinnusvæðis;
- Sækja uppákomur sem haldnar eru af ISAL;

Starfsfólki og verktökum ISAL ber að tryggja að gestum sem virðast undir áhrifum áfengis eða vímuefna sé vísað frá athafnasvæðinu.

3. Eigandi skjals

Þetta skjal er samþykkt af:

- Forstjóra ISAL

Rýnt af:

- Framkvæmdastjóra starfsmannasviðs ISAL

Allar tillögur og athugasemdir varðandi þessa stefnu skulu berast framkvæmdastjóra starfsmannasviðs ISAL til umfjöllunar.

4. Innihald skjals

ISAL skuldbindur sig til að tryggja heilsu og öryggi starfsfólks á vinnustaðnum. Hluti þeirrar skuldbindingar er stefna og verklagsreglur ISAL til að taka á þeirri áhættu sem áfengis- eða vímuefnanotkun getur skapað gagnvart heilsu og öryggi starfsfólks og þeim áhrifum sem slík notkun getur haft á færni starfsfólks til að sinna starfi sínu á faglegan og öruggan hátt. Áætlun ISAL um áfengis- og vímuefnaskimanir er hluti af reglulegum öryggisúttektum til að kanna vinnufærni starfsfólks.

5. Skyldur starfsfólks og verktaka

Það er skylda starfsfólks og verktaka að mæta til vinnu í vinnuhæfu ástandi. Notkun ólöglegra vímuefna, áfengis og annarra efna, hvort sem er lyfseðilsskyldra og annarra lyfja, getur skert vinnufærni einstaklings. Skert vinnufærni getur falið í sér:

- Vanhæfni til að taka rökhusaðar viðskiptaákvörðanir;
- Vanhæfni til að eiga skýrar samræður;
- Óviðeigandi framkoma við annað starfsfólk og viðskiptavinum;
- Vanhæfni til að nota búnað og tæki á öruggan hátt;
- Öryggi á vinnustaðnum stofnað í hættu.

Brot á kröfum þessarar stefnu mun hafa í för með sér meðferð vegna agabrota þ.m.t. möguleika á uppsögn á ráðningarsamningi starfsfólks og brottvísun verktaka af athafnasvæðinu.

6. Notkun ólöglegra vímuefna

Varsla og notkun ýmissa vímuefna, eins og kannabisefna, amfetamínefna, kokaíns, ópíata og annarra eiturlyfja, er ólögleg á Íslandi.

Ef starfsfólk verður uppvíst að neyslu eða vörslu ólöglegra vímuefna telst það brottrekstrarsök. Í tilfelli verktaka er brottvísun af athafnasvæðinu.

Rio Tinto á Íslandi hf,
ISAL
Straumsvík
Pósthólf 244, 222 Hafnarfjörður
T +354-560-7000
isal@isal.is

7. Notkun áfengis

Starfsfólki og verktökum ber að tryggja að þau séu fær um að sýna af sér faglega hegðun öllum stundum og að hegðun þeirra sé ekki brengluð vegna neyslu áfengis.

ISAL getur mögulega veitt takmarkað magn af áfengi á tilteknum uppákomum. Allt starfsfólk og verktakar sem þurfa að snúa aftur til vinnu að þessum uppákomum loknum hafa ekki heimild til að neyta áfengis á þessum uppákomum. Þetta á einnig við um vinnu utan hefðbundins vinnusvæðis. Ef áfengismagn mælist í vínandaprófi jafnt og/eða meira en lög gera ráð fyrir (0,1 mg/l) á vinnustaðnum mun það hafa í för með sér meðferð vegna agabrota eins og nánar kemur fram í verklagsreglu.

Við akstur á búnaði eða ökutækjum í eigu eða leigu ISAL ber starfsfólki og verktökum einnig að tryggja að hæfni þeirra sé ekki skert vegna áfengisneyslu og skulu þau uppfylla ákvæði innlendra laga varðandi akstur undir áhrifum áfengis.

8. Lyfseðilsskyld lyf og önnur lyf

Mörg lyfseðilsskyld lyf og önnur lyf geta haft áhrif á hegðun og færni. Starfsfólk og verktakar sem er ávísað lyfjum skulu spyrja viðkomandi lækni um mögulegar aukaverkanir. Ef starfsfólk tekur lyf (lyfseðilsskyld eða ekki) sem geta haft áhrif á vinnufærni, skal framvísa vottorði frá lækni um hæfni til vinnu, ef þess er óskað.

Ef starfsfólk verður uppvíst að misnotkun lyfseðilsskyldra lyfja telst það brottrekstrarsök. Í tilfelli verktaka er brottvísun af athafnasvæðinu.

9. Stuðningur frá fyrirtækinu

Áfengissýki þarfnast í flestum tilvikum viðeigandi meðferðar. ISAL mun bjóða starfsfólki sínu stuðning við að takast á við hana og greiða laun viðkomandi í eitt skipti á meðan á viðeigandi grunnmeðferð stendur en eftirmeðferð er á kostnað starfsfólks.

10. Skimunaráætlun

Áætlun um eftirfarandi skimanir mun gilda á vinnusvæði ISAL í Straumsvík og á öðrum svæðum þar sem vinna á vegum ISAL fer fram:

- Skimanir af handahófi
- Skimun vegna atviks
- Skimun vegna gruns
- Skimun fyrir ráðningu

11. Tilvísanir

Númer skjals Titill skjals

HSEQ10.B7.002 Verklagsreglur ISAL um áfengis- og vímuefnaskimanir